

Google Meet

Google Ireland Limited („Google“)

Gordon House, Barrow Street, Dublin 4, Írland

<https://support.google.com/>

Tekur gildi 21. desember 2020

Samantekt samnings

- Þessi samantekt samnings lýsir helstu þáttum í þjónustu okkar eins og krafist er í lögum ESB¹.
- Henni er ætlað að hjálpa þér að bera saman þjónustutilboð.
- Í öðrum skjölum er að finna frekari upplýsingar um þjónustutilboð okkar.

Þjónusta

Google Meet er myndfundþjónusta sem hægt er að nota í mismunandi tækjum og kerfum gegnum vefviðmót eða forrit. Internettengingar er krafist til að hægt sé að eiga samskipti í gegnum Google Meet. Google Meet er vara frá Google og styðst við góða tækni en er lítið þjónustuð.

Verð

Google Meet er í boði án endurgjalds og heyrir notkunin undir þjónustuskilmála Google (hægt að skoða á <https://policies.google.com/terms>).

Tímalengd, endurnýjun og uppsögn

Þú getur notað Google Meet um leið og þú hefur skráð þig. Þér ber engin skylda til að nota Google Meet í tiltekinn tíma og þér er frjálst að hætta að nota það hvenær sem er.

Eiginleikar fyrir notendur með fötlun

Hægt er að nota skjálesara og flýtylkla í Google Meet og birta skjátexta með þeim sem talar. Frekari upplýsingar má finna á <https://www.google.com/accessibility/>.

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Notendþjónusta: Hjálp/stuðningur vegna notkunar á Google Meet er í boði á <https://support.google.com/>.

Ágreiningur: Þú getur hugsanlega leitað með kvartanir til annars aðila sem sinnir lausn deilumála sem getið er í <https://ec.europa.eu/consumers/odr/main/?event=main.adr.show2> eða til annars þjónustuaðila, eins og lög kveða á um í þínu landi. Frekari upplýsingar má finna í þjónustuskilmálum Google.

Öryggisatvik: Google býður upp á tilvikastjórnun allan sólarhringinn til að greina og bregðast við tilvikum sem koma upp í tengslum við öryggi eða persónuvernd án tafar. Google býður einnig upp á öryggisgátlista Google til að hjálpa þér að hafa umsjón með eigin netöryggi.

Persónuupplýsingar: Til þess að geta skráð þig í Google Meet þarftu að gefa upp nafn, netfang og símanúmer. Í persónuverndarstefnu Google (sjá á <https://policies.google.com/privacy>) má finna frekari upplýsingar um þær persónuupplýsingar sem Google safnar þegar þú notar Google Meet. Persónuverndarstefna Google er hvorki hluti samningsins sem þú og Google gerið ykkar á milli né þessarar samantektar.

¹ 3. mgr. 102. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (European Electronic Communications Code) (Stjtfíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).